

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir í þéttbýli þar sem sorphreinsun fer fram:	kr.
	1. Sorphreinsigjald	5.800
	2. Sorpeyðingargjald	2.700
B)	Íbúðir í dreifbýli þar sem sorphreinsun fer ekki fram:	
	1. Sorpeyðingargjald	2.700
	2. Gámagjald	2.700
C)	Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram:	
	1. Sorpeyðingargjald	1.600
	2. Gámagjald	2.700
D)	Fyrirtæki:	
	1. flokkur sorphreinsun	5.500
	sorpeyðing	2.500
	2. flokkur sorpeyðing	15.000
	3. flokkur sorpeyðing	30.000
	4. flokkur sorpeyðing	60.000
	5. flokkur sorpeyðing	120.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka samkvæmt eftirfarandi forsendum:

- i) Í 1. flokk fara fyrirtæki þar sem áætlað magn úrgangs er það sama og frá heimilum.
- ii) Í 2. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn úrgangs allt að 12 m³ á ári.
- iii) Í 3. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn urðaðs úrgangs milli 12 - 48 m³ á ári.
- iv) Í 4. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn urðaðs úrgangs milli 48 - 96 m³ á ári.
- v) Í 5. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn urðaðs úrgangs 96 m³ eða meira á ári.

Bæjarstjórn er einnig heimilt að setja fyrirtæki í hærri flokk en magn úrgang frá því gefur tilefni til ef úrgangurinn er sérstaklega erfiður í meðhöndlun og eyðingu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 87/1998 um sorphirðu í Snæfellsbæ.

Umhverfisráðuneytinu, 28. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.